

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal



Reykjavík 20. september 2016
UST201608-091/K.S.J.
10.04.02

A) Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028 í landi Norður-Foss.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftár- og Mýrdalshrepps er barst 18.ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028 í landi Norður-Foss.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að breytingin felst í því að 4 ha af landbúnaðarlandi verður skilgreint sem svæði fyrir verslun og þjónustu. Ofangreint landbúnaðarland er ræktað tún.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Ásýnd

Umhverfisstofnun tekur undir að í greinargerð kemur fram að huga skal að heildarásýnd svæðisins við gerð deiliskipulags.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda breytingartillögu.

B) Efni: Tillaga að deiliskipulagi svæðis fyrir verslun og þjónustu í landi Norður-Foss í Mýrdalshreppi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftár- og Mýrdalshrepps er barst 6.september þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi svæðis fyrir verslun- og þjónustu í landi Norður-Foss í Mýrdalshreppi.

Skipulagssvæðið

Í tillögunni kemur fram að skipulagssvæðið er spilda úr landi Norður-Foss sem nýtt hefur verið sem tún. Ofangreind tillaga að deiliskipulagi felur í sér að 3,4 ha svæðisins er skipulagt fyrir ferðaþjónustubyggingar. fyrir verslun- og þjónustu í landi Norður-Foss

Fráveita

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að skólp verði leitt í rotþró. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Umhverfi

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að mannvirki verði felld að landslagi og að lögð sé áhersla á vandaða efnisnotkun með það í huga að stuðla að samræmdu heildarúltiti svæðisins.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Sérfræðingur